

## Starfsleyfi

# STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR GISTISTAÐI, HÓTEL

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*

## 1 Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Skilyrði þessi gilda fyrir hótél, sem er gististaður þar sem gestamóttaka er opin allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur.
- 1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfsemina.
- 1.3 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.4 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.

## 2 Húsnæði og búnaður

- 2.1 Húsnæði skal vera vel viðhaldið. Húsnæðið skal vera aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.
- 2.2 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.3 Læst og loftræst ræstiaðstaða skal vera til staðar. Þar skal vera ræstilaug og nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.
- 2.4 Fullnægjandi snyrting og baðaðstaða skal vera á staðnum ef ekki er snyrting með baðaðstöðu í gistiherbergi. Að jafnaði skulu ekki vera fleiri en 10 viðskiptavinir um baðaðstöðu með búningsklefa. Handlaug skal vera í herbergjum sé ekki sér snyrtiherbergi.
- 2.5 Gólfplötur salernisrýmis skal vera minnst 1,2 m<sup>2</sup> og 3,3 m<sup>2</sup> fyrir hreyfihamlaða. Salerni skulu loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræsingum.
- 2.6 Hitastýrð blöndunartæki skulu vera í handlaugum og böðum og skal vatnshiti ekki fara yfir 43°C við töppunarstað.
- 2.7 Ávallt skal skipta á rúmfatnaði, handklæðum og öðrum hreinlætisbúnaði áður en nýjum viðskiptavinum er vísað til gistiherbergis.
- 2.8 Um aðbúnað að öðru leyti er vísað í lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerð settri samkvæmt þeim.

### 3 Hreinlæti og þrif

- 3.1 Húsnæði og öll aðstaða skal þrifa fyrir nýja viðskiptavinum. Heilbrigðisnefnd getur farið fram á skriflega hreinlætisáætlun. Allsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega.
- 3.2 Loftræstikerfi skal halda við og hreinsa reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.
- 3.3 Þvottur skal þveginn við fullnægjandi aðstæður. Handklæði og rúmföt skal þvo við a.m.k. 60°C. Hreint lín skal aðskilið frá óhreinu.
- 3.4 Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- 3.5 Reykingar eru bannaðar þar sem almenningur leitar þjónustu, en leyfa má reykingar í tilteknum gistihvergjum.

### 4 Matvæli

- 4.1 Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim

### 5 Umhverfismál

- 5.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið
- 5.2 Spilliefnum skal komið til móttökustöðva. Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.
- 5.3 Lyf og hættuleg efni skulu geymd í þar sem börn ná ekki til. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt.
- 5.4 Leitast skal við að nota umhverfismerkt efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 5.5 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.

#### Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni breytt með reglugerð nr. 169/2002, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, reglugerð nr. 585/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, byggingarreglugerð nr. 441/1998.

**Atvinnugreinaflokkur (ISAT):** 551022. Hótel og gistiheimili

Reykjavík 8. 06. 2010

  
Kristín Linda Árnadóttir